



Réttarfarsnefnd

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík

sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340

postur@irr.is

innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 23. september 2014

Tilv.: IRR14010022/4.7

Ráðuneytinu hefur borist erindi tveggja lögmannna þar sem gerð er grein fyrir ýmsum atriðum er betur mega fara að þeirra mati við meðferð sakamála og varða samskipti lögmannna og verjenda, framsetningu dóma í sakamálum, símahlustanir, húsleit og sönnunarbyrði. Þá hefur ráðuneytinu einnig borist ályktun stjórnar Lögmannaflags Íslands varðandi samskipti verjenda og vitna er fylgir hjálögð. Óskar ráðherra eftir að réttarfarsnefnd taki framangreint til skoðunar og telji nefndin ástæðu til breytinga á lögum vegna þeirra athugasemda sem þar koma fram óskar ráðherra eftir að nefndin komi með tillögur að slíkum breytingum.

Þá fer ráðherra þess á leit við réttarfarsnefnd að nefndin taki sérstaklega til skoðunar ákvæði laga um meðferð sakamála er varða símahlustun. Óskar ráðherra eftir að nefndin skoði hvort ástæða sé til að gera breytingar á ákvæðum er varða skilyrði fyrir símahlustun sem og hvernig staðið skuli að eftirliti með slíkum aðgerðum. Telji nefndin rétt að breytingar verði gerðar á lögunum er þess óskað að nefndin sendi ráðuneytinu tillögur sínar að breytingum.

Fyrir hönd dómsmálaráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Ragnhildur Hjaltadóttir

Bryndís Helgadóttir

Bryndís Helgadóttir